

Til Skipulagsnefndar Mosfellsbæjar,
Þverholti 2,
Mosfellsbæ,

Undirrituð eru eigendur sumarhúsalóðar 125506 norðan við Hafravatn. Lóðin er rétt rúmur hektari og var deiliskipulögð í lok árs 2009. Það var svo samþykkt í byrjun árs 2010. Skv. því var settur fram einn byggingarreitur og gert ráð fyrir byggingum að hámarki 90 fermetrum, þ.e. 70 fermetra húsi + 20 fermetra geymslu/gestahúsi, eins og segir í texta á skipulagsuppdrættinum.

Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar, kafla 4.11 Svæði fyrir frístundabyggð bls. 45-46, kemur m.a. fram, að lóðir skulu ekki vera minni en 0,5 hektari og hámarksnýtingarhlutfall skal vera $N=0,02$. Við Hafravatn er ætlunin að draga úr heilsársbúsetu og á hámarksstærð húss með geymslu/gestahúsi að vera 90 fermetrar.

Vegna breyttra fjölskylduaðstæðna sjáum við ekki fram á að geta nýtt deiliskipulagið í núverandi mynd og óskum því eftir breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að tvennu leyti:

Í fyrsta lagi er lóðin tvöfalt stærri en venjulegar sumarhúsalóðir á svæðinu, þ.e. 2 sinnum 0,5 hektari og er því farið fram á annan byggingarreit svipaðan hinum fyrri á deiliskipulaginu. Myndi hann liggja norðar en hinn fyrri eða á móts við skúr, sem verður rifinn, sjá riss. Gert var ráð fyrir slíku fyrirkomulagi upphaflega, sbr. stærð lóðar, en framkvæmdir drógust.

Í öðru lagi er farið fram á það, að byggð verði tvö minni hús í stað aðalhúss og geymslu/gestahúss á hvorum reit, en þó þannig, að ekki verði farið yfir 90 fermetra á byggingarreitunum, hvorum fyrir sig. Sem sagt, í stað 70 + 20 fermetra kæmu 45 + 45 fermetrar á hvorum hálfu hektaranum. Nýtingarhlutfall er innan marka. Þetta er heppilegra m.t.t. fjölskylduaðstæðna.

Virðingarfyllst,

Haraldur Sigbórsson
kt. 250961-7749

Esther Hlíðar Jensen
kt. 010169-4109